



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málshæiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur / UMH20050057
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	31.08.2020.

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni

Þann 4. júlí 2018 kom út skýrsla starfshóps um drykkjarvöruumbúðir. Starfshópurinn var skipaður var af umhverfis- og auðlindaráðherra í nóvember 2017. Í skýrslunni er að finna tillögur að aðgerðum um hvernig bæta megi umhverfi endurvinnslu og skilagjalds á umbúðir fyrir drykkjarvörur. Þá hefur Endurvinnslan hf. óskað eftir hækkun á skilagjaldi sbr. hækkun á vísitölu neysluverðs ásamt breytingum á umsýsluþóknun.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Með frumvarpinu er ætlunin að koma til framkvæmdar nokkrum af þeim tillögum sem fram koma í skýrslu starfshópsins ásamt nauðsynlegum breytingum á skilagjaldi og umsýsluþóknun.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Breyta þarf lögum til að koma í framkvæmd tillögum starfshópsins, einkum er varðar markmið laganna, að skilakerfið nái til fleiri aðila, þ.e. tollfrjálsrar verslunar við brottför frá landinu, sendiráða og alþjóðastofnanna. Einnig er lagabreytingum ætlað að styrkja innbyrðis samræmi milli ákvæða í lögnum og styðja við myndun hringrásarhagkerfisins. Öðrum aðgerðum verður hægt að fylgja eftir með reglugerðarbreytingum og breytingum á tollskrá.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnaviði/málaflokki

Lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Í fjármálaáætlun, málefnavið 17 umhverfismál, kemur m.a. fram það markmið stjórnvalda að efla hringrásarhagkerfið með áherslu á að draga úr neyslu og auka endurnýtingu og endurvinnslu til að lágmarka myndun úrgangs. Í málaflokknum meðhöndlun úrgangs er helsta verkefnið að draga úr sóun, stuðla að endurnotkun, endurvinnslu og endurnýtingu og stuðla þannig að lágmarksförgun í anda hringrásarhagkerfisins.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Að auka sjálfbæra nýtingu með eflingu hringrásarhagkerfisins. Áhersla er á að ná sem bestri söfnun og tryggja sem mesta endurvinnslu og draga úr eða koma í veg fyrir förgun á drykkjarvöruumbúðum. Stefnt er að innleiðingu tilskipana er varða hringrásarhagkerfið og verða lög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur að vera í samræmi við þá innleiðingu.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Nauðsynlegt er að skilagjald drykkjarvöruumbúða taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs sbr. ákvæði í 1. gr. laga nr. 52/1989. Þá verða umsýslugjöld á einingu að standa undir kostnaði við þjónustuna. Þá er mikilvægt að gjald nái til allra aðila sem nýta einnota drykkjarvöruumbúðir. Þá þarf að tryggja samræmi við orðalag laga um meðhöndlun úrgangs og laga um úrvinnslugjald hvað varðar markmið og söfnun.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Breyta þarf ákvæðum í lögum til að koma í framkvæmd nokkrum tillögum viðkomandi starfshóps, m.a. ákvæðum er varða markmið laganna og að skilakerfi nái til fleiri umbúða og aðila. Þá þarf að tryggja að skilagjald fylgi vísitölu neysluverðs og umsýslugjöld tryggi viðeigandi meðferð umbúða.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Breyta þarf lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum umbúða fyrir drykkjarvörur til að koma í framkvæmd tillögum starfshóps um drykkjarvöruumbúðir, einkum er varðar markmið laganna, að skilakerfið nái til fleiri umbúða og aðila. Einnig er lagabreytingum ætlað að styrkja innbyrðis samræmi milli ákvæða í lögum og styðja við myndun hringrásarhagkerfisins. Til að tryggja samræmi milli laganna og laga um meðhöndlun úrgangs og laga um úrvinnslugjald verður ekki sé að aðrar leiðir við lagasetningu séu hentugar, einkum þar sem áður nefnd lög taka breytingum eftir innleiðingu EES gerða. |

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni

Áformað er að leggja til breytingar á lögum nr. 52/1989 sem fjalla um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, sjá nánar kafla C um leiðir.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Fyrirhugað er að setja markmiðsákvæði í 1. gr. laganna.

Þá er fyrirhugað að taka út heimild ráðherra í 1. gr. til að hækka gjöld með reglugerð í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs, þannig verði fjárhæðir eingöngu ákveðnar í lögum eins og framkvæmdin hefur verið. Þá er ætlunin að hækka skilagjald í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs og einnig að hækka umsýsluþóknun á hverja einingu.

Þá er ætlunin að leggja til að aðilar sem selja farþegum og áhöfnum millilandafara drykkjarvörur úr tollfrjálsri verslun við brottför frá landinu skuli leggja á og greiða gjald eins og um væri að ræða sölu innan lands. Þeir skulu taka við notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum og endurgreiða skilagjald. Einnig er lagt til í 1. gr. að gjaldskylda skv. lögum nái einnig til sendiráða og alþjóðastofnana sem flytja inn eða kaupa vörur í gjaldskyldum umbúðum.

Í 3. gr. er lagt til ítarlegra ákvæði um þær skyldur Endurvinnslunnar hf. að sjá til þess að til staðar sé skilvirkt fyrirkomulag á söfnun gjaldskyldra drykkjarvöruumbúða um allt land.

Í 4. gr. er lögð til reglugerðarheimild um markmið um söfnun umbúða. |

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Áformin koma ekki inn á svið stjórnarskrár. Áformin snúa óbeint að skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þar sem sérlög um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur verða að vera í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs og taka mið af söfnunarmarkmiðum mismunandi úrgangsflokka.

2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?

Nei.

3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?

Ekki fyrrséð. |

F. Samráð

- Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**
Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Endurvinnslan hf.
- Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með málefni Ríkiseigna, sem fer með hlut Ríkisins í Endurvinnslunni hf., ber ábyrgð á tollayfirvöldum sem halda utan um innheimtu og veitir fé til starfseminnar í samræmi við lög um opinber fjármál. Utanríkisráðuneytið fer með málefni sendiráða.
- Samráð sem þegar hefur farið fram**
Við gerð áforma um lagasetningu hefur verið haft samráð við Endurvinnsluna hf. og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Erindi hefur verið sent á utanríkisráðuneytið.
- Fyrirhugað samráð**
Ráðgert er samráð við Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, utanríkisráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá er ráðgert opið samráð um áform og drög að frumvarpi í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda.

G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er

- Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal**
Frummat á áhrifum hefur farið fram. Gert er ráð fyrir að lagasetningin hafi óveruleg áhrif á fjárhag ríkisins. Ítarlegra mat á áhrifum mun fara fram samhliða vinnu við gerð frumvarpsins.

H. Næstu skref, innleiðing

- Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmiðina?**
Já. Fyrirhugað er að leggja frumvarpið fram á haustþingi 2020.
- Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**
Lagt er til að lögin muni taka strax gildi.
- Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**
Engar sérstakar.
- Mælikvarðar á árangur og útkomu**
Árangur í söfnun og endurvinnslu einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.
- Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**
Umhverfisstofnun er með almennt eftirlit á söfnun og endurnýtingu úrgangs, það nær einnig til drykkjavöruumbúða.

I. Annað

| |

J. Fylgiskjöl

- Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað**
Sjá G-lið.
- Önnur fylgiskjöl eftir atvikum**